

Þriðjudaginn 5. apríl 1960.

Nr. 143/1957. Vilhjálmur Þ. Gíslason

(Cand. jur. Þór Vilhjálmsson skv. 5. gr. laga
nr. 61/1942)

gegn

Þorsteini Egilsyni (Egill Sigurgeirsson hrl.)
og gagnsök.

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason,
Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús Þ.
Toríason prófessor.

Meiðyrðamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 12. september 1957. Hann krefst sýknu af kröfum gagnáfrýjanda og málskostnaðar úr hendi hans í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Gagnáfrýjandi hefur áfrýjað málinu af sinni hendi með stefnu 14. september 1957. Hann krefst þess, að ummæli þau, er í héraðsstefnu greinir, verði ómerkt, að aðaláfrýjanda verði dæmd refsing samkvæmt 235. gr. laga nr. 19/1940, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða hæfilega fjárhæð til birtingar dóms í máli þessu í opinberu blaði, að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða honum miskabætur, kr. 10.000.00 eða lægri fjárhæð, ásamt 6% ársvöxtum frá 6. október 1955 til greiðsludags, og að aðaláfrýjanda verði dæmt að greiða málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Ummæli þau, sem mál þetta er risið af, kveður gagnáfrýjandi aðaláfrýjanda hafa haft, er þeir voru einir í skrifstofu aðaláfrýjanda og áttu þar tal saman. Í máli þessu hefur aðaláfrýjandi ekki viðurkennt að hafa sagt orð þessi, og er ósannað, að svo hafi verið, enda eigi í ljós leitt, að hann hafi við þeim gengið í umræðum á fundi þeim, sem í héraðsdómi er getið, eða með öðrum hætti. Ber þegar

af þessari ástæðu að dæma aðaláfrýjanda sýknu af öllum kröfum gagnáfrýjanda í máli þessu, en eftir atvikum er rétt, að málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti falli niður.

Dómsorð:

Aðaláfrýjandi, Vilhjálmur Þ. Gíslason, á að vera sýkni af kröfum gagnáfrýjanda, Þorsteins Egilsonar, í máli þessu.

Málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 15. júní 1957.

Mál þetta, sem var dómtekið 18. f. m., hefur Þorsteinn Egilsson, Auðarstræti 15, hér í bæ, höfðað á bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 6. marz 1956, gegn Vilhjálmi Þ. Gíslason útvarpsstjóra, Starhaga 2, hér í bænum, og til vara gegn fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að dæmd verði dauð og ómerk ummæli, er hann kveður aðalstefnda hafa viðhaft í skrifstofu sinni hinn 6. október 1955, þau, að hann (aðalstefndi) vildi ekki hafa, að stefnandi væri að „læðupokast“ og „ganga í annarra manna hirzlu“ svo og ummælin: „Og nú spyr ég þig konkretrar spurningar, myndir þú gera þetta einnig, ef þú hefur aðgang að skrifstofum útvarpsráðs og stjórnarráðsins?“, að aðalstefndi verði dæmdur í þingstu refsingu, sem lög leyfa, fyrir að hafa viðhaft þau, að aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda hæfilega fjárhæð til að kosta birtingu dóms í málinu í opinberu blaði, að aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða stefnanda kr. 10.000.00 í miskabætur fyrir áður nefndar móðganir og aðdróttanir, að aðalstefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda kr. 100.000.00 í skaðabætur fyrir það fjártjón, er aðalstefndi hafi valdið honum með því að hrekja hann úr opinberu starfi, að aðalstefndi verði dæmdur til þess að greiða 6% ársvexti af miskabótum og skaðabótum frá 6. október 1955 til greiðsludags og málskostnað að mati dómsins.

Þá krefst stefnandi þess, að varastefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, verði dæmdur til þess að greiða skaðabótakröfuna, kr. 100.000.00, með vöxtum og málskostnað eins og fyrr greinir, ef svo fer, að aðalstefndi verði sýknaður af greiðslu hennar.

Aðalstefndi hefur aðallega krafizt sýknu af öllum kröfum stefnanda, en til vara stórfelldrar lækkunar á kröfum hans um miskabætur og skaðabætur.

Varastefndi hefur aðallega krafizt sýknu, en til vara stórfelldrar lækkunar.

Stefndu hafa báðir krafizt málskostnaðar úr hendi stefnanda að mati dómsins.

Stefnandi skýrir svo frá málavöxtum, að hann hafi um ellefu ára skeið starfað hjá Ríkisútvarpinu sem fulltrúi í aðalskrifstofu þess. Allan þann tíma hafi þeir Sigurður skrifstofustjóri Þórðarson starfað saman á skrifstofunni og átta fyrstu árin saman í herbergi, en nokkru eftir að aðalstefndi tók við embætti útvarpsstjóra, hafi stefnandi og Sigurður fengið hvor sitt herbergi og verið innangengt milli þeirra um skrifstofu útvarpsstjóra. Sigurður Þórðarson hafi fengið eins árs leyfi frá störfum í byrjun október 1955, en starfi hans þá verið skipt milli stefnanda og endurskoðanda útvarpsins. Enn fremur hafi verið ráðin stúlka og henni m. a. falið nokkuð af fyrra starfi stefnanda, sem hafi unnið áfram í sama herbergi sem fyrr, en vinnustaður stúlunnar og endurskoðandans hafi verið herbergi það, er Sigurður skrifstofustjóri hafði unnið í áður. Hinn 5. október 1955 hafi stefnandi átt erindi í herbergi Sigurðar, enda raunar átt erindi þar alla daga. Hafi hann þá séð, að stúlka sú, er fyrr var frá sagt, var að skrifa erlent bréf fyrir stofnunina, en allan starfstíma stefnanda hjá útvarpinu hafi það verið aðalstarf hans að annast bréfaskriftirnar, innlendar og einkum erlendar, og hafi hann í upphafi verið til þess ráðinn. Á borði stúlkunnar hafi legið handrit að bréfi með rithönd aðalstefnda, en út undan handritinu hafi staðið bréf með bréfhaus Sameinuðu þjóðanna, og hafi hann því gert ráð fyrir, að hér væri um að ræða svar við bréfi frá Sameinuðu þjóðunum. Stefnandi kveðst ekki hafa gefið sig frekar að þessu í bili, og nokkru eftir að skrifstofunni var lokað þá um daginn, hafi hann brugðið sér út, en komið aftur, þegar klukkan var rúmlega hálf sex. Þá hafi staðið svo á, að ræstingakona útvarpsins hafi verið að gera hreint herbergi það, er stúlkan og endurskoðandinn unnu í, og stefnandi hafi farið þangað inn í því skyni að skoða samrit fyrrnefnds bréfs og athuga, hvernig stúlkunni hafi tekizt um frágang þess. Aðalstefndi hafi þá eigi verið farinn úr skrifstofu sinni og komið inn í herbergið og spurt stefnanda, hvað hann væri að gera. Stefnandi hafi sagzt vera að gá að bréfi og spurt jafnframt,

hvort bréf ættu ekki að venju að koma til sín og fara í bréfasafnið. Hafi aðalstefndi játað því, en sagt, að umrætt bréf hefði ekki verið sent. Fleira hafi ekki gerzt með aðiljum þá, en morguninn eftir, þegar stefnandi hafi fært aðalstefnda hans hluta af póstinum, hafi aðalstefndi spurt stefnanda á ný, hvað hann hefði verið að gera í herbergi skrifstofustjóra daginn áður. Stefnandi hafi sagzt þegar vera búinn að svara því, en aðalstefndi þá sagt, að hann vildi ekki hafa, að stefnandi væri að „læðupokast“ og „ganga í annarra manna hirzlur“. Enn fremur hafi aðalstefndi sagt: „Og nú spyr ég þig konkretrar spurningar, myndir þú gera þetta einnig, ef þú hefur aðgang að skrifstofum útvarpsráðs og stjórnarráðsins?“ Stefnandi hafi orðið mjög reiður við og kveðizt mundu svara ásökun aðalstefnda bréflega og með uppsögn. Hafi hann síðan gengið út úr skrifstofuherbergi aðalstefnda og ritað uppsagnarbréf, sem hann hafi afhent síðar sama dag. Ljósmynd af bréfi þessu hefur verið lögð fram í málinu (dskj. nr. 12), og er upphaf bréfsins á þessa leið:

„Eins og ég tjáði yður í dag, segi eg hérmeð upp starfi mínu hjá Ríkisútvarpinu, frá deginum í dag, 6. okt. 1955, að telja, með lögakveðnum, þriggja mánaða fyrirvara.

Ég tel ástæðulaust að rekja hér þær mörgu ástæður, sem liggja til þessarar ákvörðunar minnar, en varðandi síðasta árekstur okkar vil ég aðeins segja þetta:

Þér berið mér á brýn, að ég sé að „laumupokast“ og „ganga í annarra manna hirzlur“

Morguninn eftir hafi aðiljar talazt við og aðalstefndi þá spurt, hvort stefnanda væri alvara með uppsögnina og stefnandi játað því. Aðalstefndi hafi þá sagt, að hann tæki ekki aftur orð sín, en hefði ekkert upp á stefnanda að klagja.

Hinn 8. s. m. skrifaði stefnandi ýtarlega greinargerð um þau atvik, er leiddu til uppsagnarinnar. Ljósmynd af því skjali er og lögð fram í málinu (dskj. nr. 13). Er þar fyrst skýrt frá því, að margháttuðum störfum Sigurðar Þórðarsonar skrifstofustjóra hafi verið skipt millj aðalstefnda, Guðmundar endurskoðanda Magnússonar og stefnanda, áður en Sigurður hóf ársleyfi sitt, og komið í hlut aðalstefnda „uppáskrift allra reikninga, áður en greiddir eru af gjaldkera“. Allan starfstíma stefnanda, og þó einkum síðari árin, hafi annaðhvort skrifstofustjórinn eða stefnandi ávísað langflestum þeim reikningum, er bárust, en nú skyldi sú heimild falin aðalstefnda einum. Hins vegar hafi stefnandi ekki fengið formleg fyrirmæli frá aðalstefnda um þessi

breyttu viðhorf, og hafi hann því haldið áfram að ávísar reikningunum, en þeir strandað hjá gjaldkera, sem fengið hafi fyrir-mæli um hina nýju verkaskiptingu. Hafi stefnandi talið þetta háttalag móðgun við sig og hafa komið í óþægilega aðstöðu gagnvart innheimtumönnum reikninganna, sem látið hafi í ljós undrun og jafnvel vanþóknun, er áritun stefnanda hafi verið að engu höfð. Hann hafi því kvartað við aðalstefnda, sem hafi virzt skilja sjónarmið stefnanda og lofað að tala við gjaldkerann. Það hafi brugðist og af því hafi skapast nokkur kergja hjá stefnanda í garð aðalstefnda og sennilega gagnkvæmt, og segir stefnandi svo í greinargerðinni: „.... og skýrir það kannske áreksturinn, sem síðar varð, og er hin raunverulega ástæða fyrir uppsögn minni.“ Því næst er lýst þeim atvikum, sem þegar hafa verið rakin hér að framan, en greinargerðinni lýkur með þessum orðum: „.... og afhendi því stjórn félagsins málið. Eg tek þó skýrt fram, að í þessu máli læt ég mér ekki nægja minna en það, að útvarpsstjóri lýsi því yfir, að orð hans í minn garð hafi verið ómakleg.“

Greinargerð þessi hafi verið stíluð til formanns starfsmannafélags Ríkisútvarpsins, en hann hafi afhent hana aðalstefnda til umsagnar og athugunar og óskað eftir skýrslu hans um mála-vöxtu. Formaðurinn hafi síðan þrisvar átt tal við aðalstefnda, er hafi hvorki tekið aftur orð sín né leitast við að rökstyðja þau. Hafi þolinmæði stefnanda brostið, er liðnar voru þrjár vikur, frá því að greinargerð hans hafi verið komin í hendur aðalstefnda, og hafi stefnandi þá tilkynnt menntamálaráðuneytinu uppsögn sína. Hinn 7. nóvember 1955 hafi verið boðað til fundar í Starfsmannafélagi Ríkisútvarpsins og skyldi þar fjallað um tildrögin að uppsögn stefnanda. Á fundi þessum hafi báðir aðiljar flutt mál sitt, en síðan vikið af fundi. Í lok fundarins hafi verið samþykkt svohljóðandi ályktun:

„Fundur starfsmanna Ríkisútvarpsins, haldinn að tilhlutan Starfsmannafélags Ríkisútvarpsins 7. nóvember 1955, gerir eftirfarandi ályktun:

Hinn 6. október s.l. sagði fulltrúi útvarpsstjóra, Þorsteinn Egilsson, upp starfi sínu vegna móðgandi framkomu útvarpsstjóra við hann. Að fenginni greinargerð Þorsteins Egilssonar og útvarpsstjóra, Vilhálms Þ. Gíslasonar, og umsögn skrifstofustjóra Ríkisútvarpsins, Sigurðar Þórðarsonar, lýsir fundurinn yfir eftirfarandi:

Þau ummæli, sem útvarpsstjóri viðhafði við Þorstein Egilsson

og urðu tilefni uppsagnar hans, telur fundurinn brigslyrði og ómaklega ásökun í garð þessa starfsmanns, sem gegnt hefur starfi sínu af fyllstu trúmennsku um ellefu ára skeið.

Fundurinn vítir harðlega slíka framkomu yfirmanns, álítur með öllu óviðunandi, að starfsmaður skuli þannig flæmdur úr starfi og telur, að með þessu sé skapað fordæmi, sem stefnt gæti atvinnuöryggi allra starfsmanna stofnunarinnar í háska.“

Stefnandi hafði látið af störfum hjá Ríkisútvarpinu hinn 1. nóvember 1955, en fékk greitt kaup þar til áramóta 1955—1956. Hinn 10. desember 1955 hóf hann vinnu hjá verzlunarfyrirtæki einu hér í bænum og starfaði þar, þegar hann höfðaði mál þetta. Í nóvember s.l. fékk stefnandi tryggingarfræðing til að reikna út fjárhagstjón það, er „ætla má, að hann bíði við að flytjast úr starfi því, sem hann gegndi hjá Ríkisútvarpinu, í starf það, er hann gegnir nú“ Heildarniðurstaða útreikninga þessara er kr. 134.761.00, og greinist sú fjárhæð í mismun á kaup, kr. 39.932.00, lenging vinnutíma, kr. 52.719.00, missi hlunninda, kr. 7509.00, og mismun á verðmæti lífeyrisréttinda, kr. 34.601.00. Er fjárhæð skaðabótakröfu stefnanda m. a. rökstudd með þessum útreikningum.

Í greinargerð lögmanns stefndu eru kröfur þeirra rökstuddar með því, að aðalstefndi hafi ekki bakað stefnanda tjón né miska og því sé ekki um bótaskyldu að ræða. Sýknukröfurnar eru nánar rökstuddar með því, að ekki sé sannað, hvaða orðaskipti fóru milli aðilja, og jafnframt er því mótmælt, að þau hafi verið á þann veg, sem stefnandi hefur skýrt frá þeim. Bent er á það, er í ljós kemur af framanrituðu, að ekki ber saman um orðalag í uppsagnarbréfi stefnanda (dskj. nr. 12), þar sem segir „laumupokast“, og í stefnu, þar sem segir „læðupokast“. Þá er og fullyrt, að aðalstefndi hafi ekki gert annað en það, sem honum var skylt sem yfirmanni stofnunarinnar, þ. e. að leiðbeina starfsmanni um það, hvert væri starfssvið hans. Samkvæmt þessu er talið, að kröfur stefnanda um refsingu og ómerkingu ummælanna hafi ekki við rök að styðjast.

Kröfu stefnanda um miskabætur er fyrst og fremst mótmælt af þeirri ástæðu, sem fyrr var getið, þeirri að ekki sé sannað, að aðalstefndi hafi viðhaft nokkur þau ummæli, er til þess voru fallin að baka stefnanda miska.

Enn fremur er talið, að krafa stefnanda hafi ekki við rök að styðjast, þótt hin tilvitnuðu ummæli væru rétt eftir höfð, þar eð hér sé um tveggja manna tal að ræða og aðalstefndi hafi

engar ráðstafanir gert til að koma ummælunum á framfæri við aðra, en aðgerðir stefnanda í þá átt fái á engan hátt skapað honum rétt til bóta.

Loks hefur því verið eindregið andmælt, að stefnandi fái reist nokkra bótakröfu á hendur aðalstefnda eða varastefnda á því, að hann hafi verið hrakinn úr starfi. Bent er á það, að stefnandi sagði sjálfur upp starfinu, og jafnframt vefengt, að orðaskipti þau, sem mál þetta snýst um, geti réttlætt þá athöfn, þannig að jafna megi til þess, að stefnanda hafi verið vikið úr stöðu í merkingu 11. gr. laga nr. 38 frá 1945.

Aðiljaskýrsla aðalstefnda hefur verið lögð fram í málinu (dskj. nr. 14). Segir þar aðallega þetta um fund aðilja að morgni 6. október 1955: „Morguninn eftir kom Þorsteinn Egilson inn til mín, sagðist hann mundu segja af sér starfi sínu. Ræddumst við síðan stuttlega við, en enginn þjóstur var í því. Ég skýrði honum frá því, sem hann vissi reyndar áður, hver væri verkaskipting í skrifstofunnj eftir orlof skrifstofustjórans og aðkomu nýrra starfsmanna og fann að því, að hann hefði farið í bréfamöppur, sem honum hafði ekki verið falið að fjalla um. Ekki var einu orði að honum sveigt um neina óheiðarlega meðferð í þessu, enda telur hann það ekki sjálfur Ég minnst þess ekki, að hafa haft þau orð, sem Þorsteinn Egilson hefur eftir mér, en ekki get ég eftir á rakið viðtalið orði til orðs, þótt ég muni vel efni þess Ég fullyrði, að ég hefi engum hnjóðsyrðum að Þorsteini Egilson vikið“

Einnig hefur verið lagt fram í málinu vottorð fimm manna, er sátu fund þann, er fyrr var sagt frá. Segir m. a. í þessu vottorði: „.... Samkvæmt skýrslu fulltrúans, er hann las upp á fundinum, hafði útvarpsstjóri haft við hann þau orð, að hann hafi verið að „læðupokast“ og „ganga í annarra manna hirzlr“ í skrifstofu skrifstofustjóra útvarpsins og viðhaft önnur móðgandi ummæli. Við undirritaðir, er sóttum umræddan fund og hlýddum á málflutning beggja aðilja og á annan framburð, er snertir málið, lýsum yfir eftirfarandi: 1) Við teljum ótvírætt, að útvarpsstjóri hafi viðhaft hin tilfærðu móðgandi ummæli, enda mótmælti hann því ekki“

Stefnandi og aðalstefndi hafa báðir komið fyrir dóm svo og fundarmennirnir fimm, sem fyrr getur. Stefnandi hefur ítrekað og staðfest allt það, sem hann hefur haldið fram um mála-vöxtu, og vitnin fimm hafa staðfest vottorð sitt og rökstutt efni þess nánar. Aðalstefndi hefur staðfest aðiljaskýrslu sína, en eigi

mótmælt, frekar en fyrr var greint, staðhæfingum stefnanda um það, hvernig orð hafi fallið í viðtali þeirra. Eins og málum er háttað, þykir því rétt að leggja skýrslu stefnanda um þetta til grundvallar. Ummæli aðalstefnda, eins og þau eru rakin þar, varða við 235. gr. laga nr. 19 frá 1940, og ber að ómerkja þau og refska aðalstefnda fyrir þau. Þykir refsing hans hæfilega ákveðin 600 króna sekt í ríkissjóð, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu. Þá ber og að taka til greina kröfu stefnanda um kostnað af birtingu dóms í málinu, og ber að dæma aðalstefnda til að greiða stefnanda kr. 150.00 í því skyni.

Að því er miskabætur varðar, ber að hafa hliðsjón af því, að ummælin voru, að því er virðist, bundin við eitt sérstakt atvik, að stefnandi einn varð áheyrnar að þeim, og að ekki er upp komið, að aðalstefndi hafi nokkuð aðhafzt til þess að koma þeim til vitundar annarra manna. Eigi að síður þykja ummælin þannig vaxin, að stefnandi eigi rétt á miskabótum, og þegar allt framanritað er virt, þykja miskabætur til stefnanda hæfilega ákveðnar kr. 1000.00, og ber að dæma aðalstefnda til greiðslu þeirrar fjárhæðar ásamt 6% ársvöxtum frá 6. október 1955 til greiðsludags.

Þess var fyrr getið, að stefnandi sagði sjálfur upp stöðu sinni, og koma ákvæði 11. gr. laga nr. 38 frá 1954 því ekki til álita. Ekki verður fallið á þá staðhæfingu stefnanda, að ummælum aðalstefnda megi jafna til þess, að hann hafi með þeim flæmt stefnanda úr starfinu. Stefnandi hefur því eigi leitt næg rök að skaðabótakröfu sinni, og ber að sýkna aðalstefnda af henni. Hins vegar þykir rétt, eftir þessum málalokum, að dæma aðalstefnda til að greiða stefnanda málskostnað, sem ákveðst kr. 1500.00.

Hér að framan var því lýst, að stefnanda hefur ekki skapast réttur til skaðabóta fyrir brottför hans úr fulltrúastarfinu, og ber því að sýkna varastefnda af öllum kröfum stefnanda, en rétt þykir, að málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Bjarni Bjarnason, fulltrúi borgardómara, kvað upp dóminn.

Nokkur dráttur hefur orðið á dómsuppsögn, og stafar hann af annríki dómara við önnur dómstörf hans svo og því, að mál-ið er heldur viðamikið.

Dómsorð:

Framangreind ummæli eru ómerk. Aðalstefndi, Vilhjálma

ur Þ. Gíslason, greiði kr. 600.00 í sekt til ríkissjóðs, og komi 3 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan aðfararfrests í máli þessu.

Aðalstefndi greiði stefnanda, Þorsteini Egilson, kr. 1000.00 í miskabætur með 6% ársvöxtum frá 6. október 1955 til greiðsludags, kr. 150.00 til þess að kosta birtingu dóms þessa og kr. 1500.00 í málskostnað.

Varastefndi, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, skal vera sýkn af kröfum stefnanda í máli þessu, en málskostnaður falli niður gagnvart honum.

Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 6. apríl 1960.

Nr. 77/1959. **Hörður Ólafsson** (sjálfur)

gegn

tollstjóranum í Reykjavík f. h. ríkissjóðs
(Hermann Jónsson hrl.).

Dómenndur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Árni Tryggvason, Gizur Bergsteinsson og Jónatan Hallvarðsson og Magnús P. Torfason prófessor.

Lögtaksmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur með stefnu 4. maí 1959 skotið til Hæstaréttar lögtaksgerð fógætaréttar Reykjavíkur, er framkvæmd var hinn 16. apríl 1959. Krefst hann þess, að lögtaksgerðin verði felld úr gildi, að því er varðar þinggjald frá árinu 1955, að eftirstöðvum kr. 14.295.00. Svo krefst hann og málskostnaðar úr hendi stefnda fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að hin áfrýjaða lögtaksgerð verði staðfest. Hann krefst þess og aðallega, að áfrýjanda verði